

Dags eftirlits	20.4.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	PCC BakkiSilicon hf.	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Bakkavegur 2	Tegund eftirlits	Annað
Kennitala		Flokkur	Kísilverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Elma Sif Einarsdóttir	ÍSAT nr.	09.90.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í eftirlit vegna fyrirhugaðri gangsetningu kísilverksmiðju PCC á Bakka. Hætt var við gangsetningu þegar í ljós kom að pokar í síuhúsi voru ekki nægilega þéttir. Stefnt er að uppkeyrslu eftir helgi. Engin frávik komu fram við eftirlitið og engar athugasemdir voru verðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á skoðunarferð um svæðið. Farið var hjá hráefnisgeymslum og í gegnum ofnús og reykhreinsivirki. Við eftirlitið virtist undirbúningur fyrir gangsetningu vera góður og margir sérfræðingar frá rekstraraðila og verktakanum SMS Group voru á svæðinu. Í ofninum var litið reykur við eitt af þremur rafskautum ljósbogaofnsins en kviknað hafði í timbri við prófanir á rafskautum þann 17. apríl sl. Reiknað er með að þegar gangsetning hefjist verði keyrt upp hægt í rúma viku en mótun á hráefni hefst ekki fyrr en eftir fyrstu þrjá dagana. Afsog af ofninum verður lagt í gegnum reykhreinsivirki en við það er gert ráð fyrir að pokar skemmist og er því búið að panta nýja poka sem verður skipt um að lokinni gangsetningu.

Eftirlitið endaði á stuttum stöðufundi þar sem farið var í gegnum atvikaskráningu í verksmiðjunni og næsta eftirlit rætt. Eftirlitsaðili minnti á skipulag mælinga skv. innri mæliáætlun og að niðurstöður úr mælingum í innri og ytri mælingum bærust stofnuninni jafnóðum. Hafsteinn Viktorsson forstjóri fyrirtækisins og James Brosnan, ráðgjafi komu inn á fundinn og útskýrðu ástæður fyrir frestun á gangsetningu. Fyrir gangsetningu er keyrt ryk í gegnum poka á síuhúsi (e. pre-coating) og í ljós kom að þétting væri ekki nægileg við klemmur á pokunum og ryk gæti komist þar meðfram. Til að gæta ítrustu varúðar var því frestað gangsetningu fram yfir helgi meðan væri verið að þétta alla poka en þeir eru tæplega 2000 talsins. Rætt var fyrirkomulag næsta eftirlits en reiknað er með því að stofnunin taki reglubundið eftirlit í gangsetningarferlinu.

ANNAÐ

Umhverfisstofnun óskar eftir gögn vegna mælinga innri og ytri vöktunar berist stofnuninni jafnóðum og niðurstöður berast.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 11.05.2018


Einar Halldórsson